


Sveitarfélagið Hornarfjörður
Haukur Ingi Einarsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. maí 2014
Tilvísun: UST20140400297/rb

Göngustígur innan fólkvangsins í Óslandi

Umhverfisstofnun vísar í erindi sveitarfélagsins Hornarfjarðar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er leyfis stofnunarinnar til að bæta aðgengi og aðkomu innan fólkvangsins í Óslandi.

Með erindinu fylgdu gögn um kennisnið og kort sem sýnir legu göngustígsins sem fyrirhugað er að leggja bundið slitlag á ásamt umsögn Helgu Davids sérfræðings sem gerð var að beiðni framkvæmdarstjóra Hornarfjarðarsafna.

Fólkvangurinn í Óslandi var friðlýstur með auglýsingu nr. 264/2011.

Umfang framkvæmdar

Samkvæmt erindi Sveitarfélagsins Hornarfjarðar er um að ræða 300 metra framlengingu á göngustíg sem liggur frá þéttbýli yfir í fólkvanginn. Viðbót við göngustíginn er talin vera nauðsynleg vegna fjölgunar gesta í fólkvanginum. Ávinningur þess að afmarka göngustíginn er að gestirnir koma frekar til með að halda sig á stígnum, og einnig á framkvæmdin að bæta aðgengi fyrir fólk á hjólastólum. Að auki er meginhluti göngustígsins nú þegar lagður bundnu slitlagi og því á aðeins eftir að klára lítinn hluta hans.

Áhrifamat

Gert er ráð fyrir að stígurinn liggja í um 5-6 metra fjarlægð frá sjávarbakkanum þar sem trjáhol og afsteypur af trjám er að finna og þess vegna er ólíklegt að framkvæmdir við stíginn hafi neikvæð áhrif á jarðminjarnar, ef ekki verður farið út í mikla jarðvinnu við undirbúning framkvæmdanna. Ef tryggt verður að áhrifasvæði framkvæmdanna verði í hæfilegri fjarlægð frá sjávarbakkanum er ekkert því til fyrirstöðu að mati Umhverfisstofnunar að stígurinn verði bundinn slitlagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Sveitarfélaginu Hornafirði í tölvupósti dags. 5.maí sl. þá fór Björn G. Arnarson starfsmaður Menningarmiðstöðvar Hornarfjarðar og Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, um stíginn í Óslandi með Birgi Árnasyni bæjarverkstjóra. Samkvæmt þeim upplýsingum erekkert varp í námunda við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Bent er á að leiðin sé stutt og töluverð umferð gangandi um stíginn.


Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir sitt leyti fyrir framkvæmdum og endurbótum með eftirfarandi skilyrðum:

- Að tryggt verði að áhrifasvæði framkvæmdanna verði í hæfilegri fjarlægð frá sjávarbakkanum.
- Að fuglalíf á svæðinu verði ekki fyrir raski á framkvæmdatíma.
- Að umhverfisáhrifum verði haldið í lágmarki á meðan framkvæmdir standa yfir og tryggt verði að gróður umhverfis göngustíg verði ekki fyrir raski.
- Þeir verktakar eða aðilar er að framkvæmdunum koma verði minntir á gildi svæðisins og krafa verði gerð um góða umgengi og frágang samkvæmt leyfi þessu.
- Að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um upphafi og lok framkvæmdar.

Að Umhverfisstofnun verði sendar myndir sem sýni framkvæmdasvæði fyrir og eftir framkvæmd.

Virðingarfyllst


René Biasone
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri